

Skiftiblöð og tímarit.

„ALDAMÓT, 13. ÁR, 1903.— Í fimmta blaði „Heimis“ gátum vér þess, að „Aldamót“ hefði verið send blaðinu til kaups. — Síðan hafa þau verið send „Heimi“ í skiftum, og höfum vér nú sannspurt, að ritstjóri þeirra og eigandi hafi svo til ætlast, að það hefði verið gjört strax og þau komu út, og það sé því þess sök, er um útsendinguna annaðist, að þau komu ekki fyr. Oss þótti vænna um, að það skyldi standa svo af sér, heldur en hins veginn, eins og vér gátum oss til fyrst, og verðum vér því að biðja lesendur „Heimis“ að færa þau ummæli, er vér höfðum í fimmta blaðinu, yfir til útsendingarmannsins í stað ritstjórans. Hafi ritstjórinn þökk vora fyrir skiftin, eins og hinir aðrir skiftendur „Heimis“, þótt vér getum ekki verið sömu skoðunar og hann á þeim málum, er „Aldamót“ ræða í þetta sinn.

Þá er að minnast á innihald þeirra, er mestmegnis er eftir ritstjóran sjálfan að undanteknum tveim smágreinum, er ekkert er að athuga við, eftir þá sr. Friðrik Hallgrímsson og sr. Jón Bjarnason. Grein síra Jóns er þýðing, brot úr skáldsögunni „Adam Bede“ eftir ensku skáldkonuna unitarisku, er nefndi sig George Eliot. *) Þýðingin er falleg og kaflinn merkilegur eins og flest það, er kona sú skrifaði.

Grein síra Friðriks Hallgrímssonar gengur út á bindindismál, og er hún mikið lipur framsögn hugmynda, er oft hafa verið auglýstar í sambandi við það mál.

Þá eru kaflarnir eftir ritstjóran sjálfan. Ein þýðing er þar á smásögu eftir danskan mann, Jørgensen að nafni, og heitir

*) Það mætti geta þess lesendum „Heimis“ til skýringar, að kona þessi er talin með betri rithöfundum Breta á öldinni, sem leið. Það lá lengi á orðrómur á, að hún hefði verið trúlofuð heimspekingnum mikla, Herbert Spencer, í ungðæmi sínu. Skoðanir þeirra runnu saman á flestum málum, þótt þau væri að mörgu leyti ólík að skapferli. Og í æfminningu sinni, er Spencer skrifaði, getur hann hennar með ást og virðingu, þótt hann neiti, að þau hafi nokkru sinni verið heitin hvort öðru.